

Stuðningsyfirlýsing við þingsályktunartillögu um aukna skógrækt

Tækifæri skógræktar hefur aldrei verið eins mikið og brýnt eins og nú á tímum. Veðurfar á norðlægum slóðum jarðarkringlunnar hefur breyst vegna loftslaghlynunar. Í mikilli einföldun má segja að hlýnun á Íslandi hafi gert það að verkum að trjáræktarskilyrði hafi breyst umtalsvert síðustu áratugi. Ef horft er á staðreyndirnar í stórum tímaramma má sjá að við upphaf skógræktar á Íslandi, einungis fyrir um 100 árum síðan, voru aðstæður ræktunar erfiðari en nú er. Það má sjá á því að ýmist eru elstu skógar landsins svo til dauðir eða trén væskilsleg. Vitanlega spilar tegunda og kvæmaval þarna inn í en þegar horft er til þess að sambærilegar tegundir og kvæmi, og voru notuð í þá daga, þrífast vel í dag segir það að aðstæður til skógræktar hafa vænkast. Aðstæður til skógræktar hafa því breyst á Íslandi.

Ef almennilegir skógar hefðu alla tíð verið á Íslandi er óvíst að umræður nútímans snérust um hvort birki sé frama öðrum tegundum eða síðri. Ef búsaðlarlegir skógar hefðu verið hér þegar land byggðist og fram á síðust öld má ætla að þær tegundir og kvæmi, sem frumkvöðlarnir prófuðu í elstu skógarreiti Íslands, Furulundinn á þingvöllum og Grundarreit í Eyjafirði, hefðu staðið sig mun betur en þá gerði. Þar liggja fyrir tvær megin ástæður. Að ofan yfirborðs nyti skjól af eldri trjám og neðanjarðar væru viðeigandi uppbyggjandi örverur. Aðstæður væru því ekki slæmar ef að skógur væri fyrir hendi á upphafárum skógaræktar í lok 19 aldar.

Horfum nú hnattrænt á aðstæður trjáræktar. Hlýnun jarðar veldur því að rótfastir vinir okkar deyja vegna þurrka og breyttra veðurskilyrða. Hefðu trén fætur væri hægt að kalla þau „flóttatré“, eðli málsins samkvæmt. Örfoka Ísland getur veitt verndarvæng yfir sína „rótfúnu“ vini með því að koma arfleið þeirra á legg héraendis. Síðar, hvernig sem loftslag mun þróast á jörðinni, eru meiri líkur en minni að þessir afkomendur suðrænna „flóttatrjáa“ geti endurgoldið okkur greiðann með ýmiskonar móti. Það eru allavega meiri líkur á að suðrænar tegundir kunni betur við sig á láglandi Íslands með hlýnandi veðurfari en blessað birkið okkar.

Tækifæri til að búa í haginn fyrir komandi kynslóðir er núna. Tíminn til að búa til skógarauðlind er núna. Víða um lönd er gerð krafa um að notað sé vistvænt byggingarefni. Hvað er að því ef okkar vistvæna byggingarefni er timbur úr okkar eigin skógi, heimaefngið timbur stórvaxinna trjáa? Það er mikið gleðiefni ef skógrækt verður viðurkennd sem bæði nýtsamleg auðlind fyrir íslenskan (jafnvel erlendan) byggingariðnað og ekki síður að hún stuðli að sjálfbærari landnotkun héraendis.

Margt má segja meira um ágæti skógræktar og vel hefur verið fjallað um það í þeirri þingsályktun um fjórföldun skógræktar sem hér um ræðir. Að lokum má benda á að bændur eiga og nýta drjúgan hluta af Íslandi. Þeir vita betur en margir að best er að sína landinu virðingu og hugsa vel um það. Nýta það sem af því kemur án þess að gengið sé á gagn þess. Skógrækt fellur vel að öllum landbúnaði og þar sem tré eru gróðursett, hvað sem markmiðið með því er, er gott að vita að óvíst er hvort tækifærið verði mikið betra en einmitt um þessar mundir. Við vitum ekki hvað morgundagurinn ber í skauti.

Með kveðju og þökk fyrir tækifærið að fá að veita málinu umsögn



Hlynur Gauti Sigurðsson
Framkvæmdastjóri Landssamtaka skógariegenda.